
40. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 29. nóvember 2018 kl. 8:10.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Lækjarskóli, tilraunaskóli í stöðumati
2. Jóladagskrá
3. Samræmd próf
4. Frístundaheimili, félagsmiðstöð, nýr starfsmaður
5. Skólapúlsinn
6. Fræðsluver
7. Önnur mál

1. Lækjarskóli, tilraunaskóli í stöðumati

Kynnt var þróunarverkefni sem Lækjarskóli tekur þátt í að prófa og þróa ásamt tveimur öðrum skólum, Vallaskóla í Árborg og Háaleitisskóla í Reykjanesbæ. Verkefnið byggir á því að leggja skimunarpróf fyrir erlenda nemendur. Prófið gefur vísbendingarar um hvað nemandinn kann í lestri og hvernig skal standa að íhlutun. Þórdís Helga Ólafsdóttir og Krístrún Sigurjónsdóttir starfsmenn á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sjá um að þróa og þýða úr sænsku.

2. Jóladagskrá

Jóladagskráin verður hefðbundin, kirkjuheimsókn, söngur á sal með vinabekkjum, jólaböll og stofujól.

3. Samræmd próf

Niðurstöður samræmdra prófa voru kynntar.

4. Frístundaheimili, félagsmiðstöð, nýr starfsmaður

Nýr deildarstjór tekur við um áramót, Sigmar Ingi Guðmundsson.

5. Skólapúlsinn

Farið var yfir könnun Skólapúlsins „Líðan nemenda“ sem lögð var fyrir nemendur í október.

6. Fræðsluver

Lagfæringar standa yfir á húsnaði Fræðsluvers í Menntasetrinu við Lækinn. Verið er að ganga frá ráðningum þriggja starfsmanna við deildina.

Fræðsluverið er með úrræði fyrir nemendur í 8.-10. bekk í Hafnarfirði sem ekki geta sótt sinn hverfisskóla. Eftir áramót hefst inntaka í skammtímaúrræði fyrir nemendur í 5.-7. bekk í Hafnarfirði.

7. Önnur mál

Í vetur hefur verið kennt í þremur hópum eftir stöðu nemenda á unglingsstigi í stærðfræði og íslensku. Nemendur eru færðir á milli hópa eftir þörfum.

Fundi slitið kl. 9:00.

Fundinn sátu:

Arna B. Arnardóttir, skólastjóri
Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir, fulltrúi foreldra
Stefanie Gregersen, fulltrúi foreldra
Viktoría Tea Daníelsdóttir, fulltrúi nemenda
Geir Bjarnason, fulltrúi, fulltrúi grendarsamfélags
Einar Örn Daníelssonum, fulltrúi kennara

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir